

# Gönguferð um Kerlingarfjöll 20 – 23 júlí 2002

Jón Haukur Steingrímsson

## Stutt leiðarlýsing:

*Dagur 1. Ásgarður – Klakkur.* Gengið frá Ásgarði yfir Ásgarðsöldur og austur fyrir “Bungu norðan við Tind”.



Mynd 1 Séð til Tinds (2 samhangandi tindar) og bungu norðan tinds

Þar er farið ofan í gilið sem getur verið varasöm leið og gengið fram dalinn austan við dranginn Kerlingu. Annar möguleiki er að ganga hærra í hlíðinni ofan við gildrögin að austanverðu. Þegar komið er framhjá Kerlingu er beygt til austurs yfir Bringur (Bringir). Þar borgar sig að halda sig í hlíðarfætinum þar sem að gildrög skerast inn í hlíðina. Þaðan er gengið suður fyrir Röðul að ágætu vaði á Kerlingará á mótis við Grákoll. Vaðið skýrir sig nokkuð vel sjálfst en það er við ármót Kerlingarár þar sem hún kvíslast í upptakakvíslar sínar.



Mynd 2 Séð til Klakks, en Grákollur nær, vað yfir Kerlingará er þar sem gilin virðast koma saman, neðan stóra skaflsins.

Þaðan er gengið norður og austur fyrir Grákoll þar sem Klakkskvísl er fylgt að skálanum Klakk sem er suður af samnefndu fjalli.



Mynd 3 Klakkur í skjóli Klakks

Þetta getur orðið frekar langur dagur sem fólk þarf að vera vel undirbúið fyrir. Það væri best ef hægt er að koma því við að þátttakendur komi í Kerlingarfjöll kvöldið áður þannig að hægt sé að leggja af stað með fyrra fallinu. Klakkur er í ágætisstandi og það fór vel um hópinn þar. Húsið er með góðu fordyri, þar sem hægt er að fara úr blautum fötum og geyma blautan búnað. Kynding er með viðarkamínu, einnig voru eldunartæki í góðu lagi. Engu síður er nausynlegt að hafa eldunartæki með. Brúsar fyrir vatn eru á staðnum.

*Dagur 2. Klakkur – Efri Kisubotnar.* Mun auðveldari dagur en sá fyrsti og í raun er hægt að taka aðeins lengri tíma í skálanum ef einhverjir eru eftir sig eftir fyrsta daginn.



Mynd 4 Á leið frá Klakk, Kisufell til vinstri en sér í Rauðkoll til hægri, fjær sést í Arnarfell í SA Hofsjökli

Frá skálanum er Draugakvísl fylgt til norðaustur og gengið skáhallt upp í dalinn milli Draugafells og Rauðukolla.

Dalnum er fylgt að norðanverðu að Kisugljúfri sem er hreint magnaður staður með mörgum góðum útsýnisstöðum yfir gljúfrið og fjallið Gylfa. Í góðu skyggni er hægt að taka suðlægri stefnu og ganga á Rauðukolla eða ónefnt fjall norðaustur af Rauðukollum.



Kisugljúfur er alldjúpt gil sem Kisa hefur grafið á leið sinni framhjá Kisubotnahnjúk. Gilið er stórbrotið einkum hár hamraveggur suðaustan gilsins.

Á myndinni til vinstri sér ofan í gilið, en á gilbrúninni má greina mann sem segir til um hæðina.

Kisugljúfri er fylgt að Neðri Kisubotnum þar sem vaðið á auðveldu vaði í mörgum kvíslum yfir Kisu og stuttu síðar yfir kvíslina sem rennur úr Efri Kisubotnum.

Mynd 5 Kisubotnagljúfur, Gylfi og Hofsjökull í baksýn

Úr kisubotnum er austurbakka “Kisubotnakvíslar” fylgt að tjaldstað í Efri Kisubotnum. Tjaldstaðið er á mosgrónum áreyrum sem eru frekar viðkvæmar og verður ganga vel um.



Mynd 6 Séð yfir Kisubotna, fjær sést til Háganga og Vatnajökull er í baksýn

*Dagur 3. Kisubotnar – Ásgarður.* Úr Kisubotnum er haldið til norðnorðvesturs upp þann hrygg sem liggur austast af hryggjunum norðan Kisubotna. Hryggurinn endar á sléttu undir kollunum Höllu og Eyvindi. Þar er tekin austlæg stefna og gengið í hliðarfæti Höllu og Eyvindar norðan við efstu drög Kisugljúfurs.



Mynd 7 Séð yfir efri Kisubotna, fjær má greina Klakk og Tindfjöll í fjarska

Rétt áður en komið er að vatnaskilunum milli Kisu og Ásgarðsár þarf að fara yfir Kisugljúfrið. Það er nokkuð djúpt gil með bröttum skriðurunnum hliðum sem geta verið faratálmi. Þar stór og mikill íshellir sem Kisa rennur í gegnum. Hægt er að ganga í gegnum hellinn, en það er ekki vandræðalaust og ekki öruggt að það gangi í öllum tilvikum. Þaðan var lækjardrögum fylgt um hverasvæði og leirpytti í gegnum Efri Hverdalina og niður í Neðri Hverdali.



Mynd 8 Af Fannborg, Neðri Hverdalir nær til vinstri, Ásgarðsfjall fyrir miðri mynd.

Þaðan var stikaðri leið fylgt upp í Hverdalaskarð þar sem strikið var tekið beint niður í Ásgarð.